

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 29. febrúar 2024  
UST202402-356/A.B.  
10.04.02

## Efni: Lýsing - Breyting - Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032 - Skeggjastaðir og Fákafliot

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 vegna Skeggjastaða og Fákafliot.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina nýja íbúðarbyggð á um 30,7 ha svæði. Gert er ráð fyrir allt að 10 íbúðarlóðum, 3 ha að stærð með fasta búsetu og heimild fyrir gestahúsum fyrir ferðamenn innan lóða. Húsdýrahald er heimilað innan íbúðarbyggðar með samþykki meirihluta lóðarhafa og skal dýrahaldið vera ábyrgð eigenda og lóðin vera afgirt. Minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Skúmsstaðavatn og er númer 726 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð. Mikið fuglalíf.“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjalla um tjarnirnar og fuglalífið á svæðinu, að fram komi áhrif tillögunnar á verndargildi svæðisins og hvernig er hugað að verndun þess.

### Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Einnig leggur stofnunin til að hugað sé að mótvægisaðgerðum t.d. með endurheimt votlendis sem mun styðja við fuglalíf á svæðinu og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit<sup>1</sup> um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

---

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b\\_minni%20fr%3a1veitur\\_LOKA.pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b_minni%20fr%3a1veitur_LOKA.pdf)